

Viðauki III

Viðbragðsáætlun vegna dreifingar erfðabreyttra plantna/fræja í umhverfið

Fylgiskjal með umsókn ORF Líftækni hf um leyfi til ræktunar á erfðabreyttu byggi á jörðinni
Klauf í Eyjafjarðarsveit, 605 Akureyri

Tilgangur: Fræða starfsmenn ORF, staðarhaldara og þá starfsmenn Landbúnaðaraháskólans sem koma að þessari ræktun, hvernig eigi að bregðast við slysi þar sem hættu er á að erfðabreytt fræ geti borist út í umhverfið.

Áhætta: Að erfðabreytt fræ berist í umhverfið (slys). Aðstæður á vinnusvæði og vegum, skemmdarverk

Varúðarráðstafanir: Vel útbúið lokað flutningsílát, hentugt ökutæki, vandvirkni, nákvæmni, gengið vel frá sekkjuðu korni í þar til gerð hólf/kassa/box/gám.

1. Lýsing á vöktunaráætlunum og -aðferðum:

Samið verður við afnotsala á Klauf um að fylgjast með ræktunarreitnum á meðan á ræktun stendur (sjá nánar í Viðauka II; Vöktunaráætlun). Fylgst er með vexti plantanna og hvort ræktunarreitir eru lausir við ágang dýra og hvort girðingar og merkingar eru í lagi. Staðarhaldari mun gera grein fyrir ástandi reitsins hálfsmánaðarlega til ábyrgðaraðila hjá ORF Líftækni.

2. Ef erfðabreytt fræ dreifast út í umhverfið

Ef erfðabreytt fræ dreifast út í umhverfið, t.d. vegna óhapps í flutningi, skal tilkynna það ORF Líftækni (Jón Már Björnsson, 8211588) ásamt því að tilkynna það til Umhverfisstofnunnar á netfangið ust@ust.is og/eða á síma 5912000 tafarlaust. Tilkynning til Umhverfisstofnunnar skal innihalda upplýsingar um:

- tildrög slyssins;
- tegund og magn erfðabreyttra lífvera sem kunna að hafa dreifst í umhverfið;
- allar nauðsynlegar upplýsingar til að meta áhrif slyssins á heilsu almennings og á umhverfið;
- neyðarráðstafanir sem gerðar hafa verið.

Viðbrögð við slysi sem felur í sér hættu á dreifingu erfðabreyttra planta í umhverfið:

- starfsmaður skal afmarka svæðið sem lífverurnar (fræin) hafa borist á með sýnilegum hætti.
- starfsmaður skal undir eins byrja að tína saman öll fræ af svæðinu í ílát.
- halda skal merkingum/staðsetningur á svæðinu til haga til að hægt sé að fylgjast með því áfram.
- fylgst verður með svæðinu í 2 ár eftir frágang til að kanna hvort vart verði við erfðabreyttar plöntur
- verði vart við vöxt erfðabreyttra planta á svæðinu á svæðinu verða þær rifnar upp og fargað eins og ræktunarleyfi gerir ráð fyrir. Einnig má úða svæðið með viðeigandi illgresiseyði ef talin er þörf á því að höfðu samráði við sérfræðinga LbHÍ og yrði það tilkynnt sérstaklega til UST.

Samskonar tilkynningarskylda er ef vart verður við skemmdarverk eða tilraun til skemmdarverka.

Kópavogur, 31.1.2024

/Jón Már Björnsson – ORF Líftækni hf